



Samantekt Umhverfisstofnunar um bráðamengun árið 2018

Inngangur

Samantekt þessi yfir bráðamengun á árinu 2018 er unnin í samræmi við 26. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda en samkvæmt henni skal Umhverfisstofnun fyrir 15. september ár hvert taka saman og birta opinberlega upplýsingar um bráðamengun næstliðins árs. Í samantektinni skal einnig greint frá eftirliti, æfingum og samstarfi við mengunarvarnaráð hafna, hafnir og stofnanir.

Skylt er samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda að tilkynna um bráðamengun en það fer eftir staðsetningu atviksins til hvaða aðila tilkynna skal um mengunina. Ef um er að ræða bráðamengun innan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til viðkomandi hafnarstjóra sem ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunarinnar. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Ef bráðamengun verður utan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til vaktstöðvar siglinga sem kallar til vakthafandi aðila innan Umhverfisstofnunar, enda ber stofnunin ábyrgð á að gera viðeigandi ráðstafanir vegna mengunarinnar. Ef um er að ræða mengunaróhapp á landi skal tilkynna það til viðkomandi slökkviliðs. Nánari upplýsingar um tilkynningar vegna bráðamengunar og viðbrögð við bráðamengun er að finna í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

Hér á eftir eru teknar saman upplýsingar um tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða sem Umhverfisstofnun bárust árið 2018 og upplýsingar um bráðamengun eða atburði utan hafnarsvæða sem tilkynnt var um. Ekki er fjallað um mengunaróhöpp á landi sem skylt er að tilkynna til viðkomandi slökkviliðs, nema Umhverfisstofnun hafi einnig borist tilkynning um óhappið.

Skammstafanir

Hér á eftir er yfirlit um helstu skammstafanir sem notaðar eru í þessari samantekt:

EMSA – Siglingaöryggisstofnun Evrópu

HES – Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

LHG – Landhelgisgæsla Íslands

ODR – Olíudreifing

UST – Umhverfisstofnun

Tilkynningar um mengunaróhöpp á landi árið 2018

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
23. feb.	Borgarfjarðarbrú	Olíuleki kom að geymi olíuflutningabíls á Borgarfjarðarbrú.	Bílstjóri ók að afgreiðsluplani Olís í Borgarnesi sem tengt er olíuskilju. Í skoðun HES á vettvangi sást engin olíumengun á þjóðveginum frá Borgarfjarðarbrú og að Olís.

Tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða árið 2018

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
12. janúar	Faxaflóahafnir	Allmikil brák á sjónum í Vesturhöfn í Reykjavík.	Dælubíll var fenginn til að sjúga upp brákina eins og hægt var.
28. feb.	Faxaflóahafnir (upplýsingar bárust í kjölfar fréttar í Fréttablaðinu)	Olíubræk í Sundahöfn. Talið að ríflega 50 L af gasolíu hafið farið í sjóinn við dælingu á olíu um borð í togara. Hugsanlega fór olía í sjóinn þegar verið var að losa úrgangsolíu í tunnum frá borði úr togara.	Olía sem fór í sjóinn mjög dreifð og ástandið var metið svo að ekki væri hægt að fara í neinar hreinsunaraðgerðir. Höfninni var ekki tilkynnt strax um olíumengunina.
15. mars	Keflavíkurhöfn	Slanga fór við krana í Keflavíkurhöfn og fóru um 20 L af glussa í höfnina.	Olíuhreinsi dreift yfir svæðið.
23. mars	Faxaflóahafnir	LHG tilkynnti UST um olíubræk í Reykjavíkurhöfn sem sást við þyrluflug. Athugun Faxaflóahafna leiddi í ljós að óverulegt magn olíu í olíusmituðu vatni fór í sjóinn eftir að leki kom að dráttarbáti. Hluti mengunar líklega grugg frá dælum sem dældu úr grunni við Hörpureitinn.	Dráttarbátur girtur af með flotgirðingu. Sápuefni dreift yfir olíubrækina til að dreifa henni.
17. apríl	Bakkafjarðarhöfn	Olíubræk í Bakkafjarðarhöfn, hugsanlega vegna leka/smits frá olíudælu á Bakkafirði.	Sveitarfélagið óskaði eftir viðbrögðum frá viðkomandi olíufélagi. Hafnarvörður taldi að olíupollur hefði myndast þegar verið var að fylla á bát.



12. júní	Faxaflóahafnir	Olíumengun í Vesturhöfn Reykjavíkurhafnar. Uppruni óþekktur en möguleiki að olían sitji undir bryggju og smásiist út á milli skipa sem eru við bryggjuna.	Girðing dregin út og felliefni dreift yfir mengaða svæðið.
27. júní	Seyðisfjarðarhöfn	Úrgangsolía fór í sjóinn þegar verið var að dæla úrgangsolíu úr togara í tank á bryggjunni og einnig þegar olíu var dælt á milli tanka á bryggjunni (allt að 500 L).	Umtalsverð olíumengun og var felliefnum sprautað yfir olíuna. Einnig dregin út mengunarvarnagirðing til að koma í veg fyrir að olían dreifði sér. Ísogspylsur lagðar út innan girðingar og undir bryggjuna.
30. júní	Fáskrúðsfjörður	Lýsi barst út í höfnina frá fiskimjölverksmiðju Loðnuvinnslunnar, allt að 2 tonn.	Reynt að fella lýsið í fjöruborði með sóða og olíuhreinsi. Mengunin dreifðist með norðurströnd fjarðarins og á leirur í botni hans. Jarðvegi velt með gröfu og olíuhreinsir settur á þynnri rönd lýsisins. Lýsisblautar fuglar fundust.
13. ágúst	Seyðisfjörður	Seyðisfjarðarhöfn leitaði til UST vegna ábendinga um mikla olíu í sjónum á Seyðisfirði vegna El Grilló.	Viðvarandi olíuleki, mest síðsumars þegar sjór er heitastur.
19. ágúst	Fáskrúðsfjörður	Skipaolía fór í höfnina við löndunarbryggju Loðnuvinnslunnar þegar verið var að dæla olíu um borð í skip, áætlað um 1.000-1.500 L.	Mengunarvarnagirðingar dregnar út, ísogspylsur lagðar út og olíu dælt upp í tankbíl. Olían barst inn fjörðinn með innfalli og var þunn olíufilma á nokkuð stóru svæði.
30. ágúst	Fáskrúðsfjarðarhöfn	Grútur fór í sjóinn frá Loðnuvinnslunni hf.	Tilraunir til að hefta útbreiðslu báru lítinn árangur og vegna myrkurs og veðurspár var ekki talið hægt að takmarka útbreiðslu. Atburður tilkynntur til lögreglu.
21. sept.	Hafnarfjarðarhöfn	Höfninni tilkynnt um olíubrák og mikla olíulykt við Norðurbakkann. Brúsi sem innihélt 15 L af gasolíu fór á hliðina og seytleði úr brúsanum í höfnina, áætlað um 10-12 L.	Sápu úðað yfir olíubrák við bát þar sem lekinn varð. Þunn brák barst víða fyrir samspil vinds og straums, en ekki talin þörf á frekari aðgerðum enda um gasolíu að ræða.
22. sept.	Seyðisfjarðarhöfn	Við dælingu á skipaolíu varð vart við olíumengun undan olíubryggju. Um lítils háttar leka frá dælu að ræða.	Ekki mikið magn olíu og ekki talin þörf á að girða svæðið af. Felliefni dreift yfir olíuna og gert við dælu.



1. nóv.	Faxaflóahafnir	Ábending barst til UST um að eitthvað brúnt væri að dælast út í sjó við Sæbraut.	Samkvæmt upplýsingum frá Veitum líklega vatn sem verið var að dæla upp úr grunnnum og barst út með ofanvatni.
---------	----------------	--	---

Tilkynningar um bráðamengun/atvik utan hafnarsvæða árið 2018

7. janúar	Reyðarfjörður	Tilkynning barst frá LHG um að flutningaskipið Hoffell væri vélvarvana í mynni Reyðarfjarðar.	Tókst að gangsetja skipið á ný og því siglt til Eskifjarðar.
18. maí	Patreksfjarðarflói	Tilkynning barst frá LHG um að eldur hefði komið upp í vélarúmi skipsins Garðars Jörundssonar á Patreksfjarðarflóa.	Engin mengun. Áhöfn bjargað, skip tekið í tog og dregið til Patreksfjarðar þar sem slökkvilið tók við því.
2. júní	Vestur af Leiruboða í Skerjafirði	Dráttartaug slitnaði á milli Togarans og prammans Barks sem var fullur af olíu	Tókst að setja upp dráttartaug á ný og siglt til Hafnarfjarðar.
12. júlí	Norður af Fljótum	Tilkynning barst til LHG um að Björg EA 7 hefði misst Glykol í sjóinn, um 50-75L sem var blandað með vatni (40%).	Engin viðbrögð talin nauðsynleg.
5. ágúst	Eyjafjörður	LHG barst tilkynning um olíuflekk og mikla lykt SV af Hrísey.	Rannsókn málsins skilaði ekki niðurstöðum um uppruna olíuflekksins. Ekki hægt að tengja við skip. Í sýnum sem tekin voru greindist engin olía.
13. ágúst	Norðaustur af Langanesi	TF-SF varð vör við mengunarflekk um 33 sml NA af Langanesi	Ekki hægt að tengja við skip. Uppruni mengunar óþekktur.
13. ágúst	VNV af Gróttu	Flugstjóri kennsluvélar tilkynnti um allstóran olíuflekk um 3 sml VNV af Gróttu.	Ekki tengt við skip. Mögulega mengun frá dælustöðinni við Ánanaust.
9. nóv.	Út frá Dalatanga	Skip tilkynnti LHG um olíuflekk á sjónum um 57 sjómílur frá Dalatanga. Líklega búið að vera talsvert lengi í sjónum þar sem um brúnleita froðu var að ræða.	Fjöldi skipa farið um svæðið og ekki hægt að tengja við sérstakt skip.

**Tilkynning um strand skipa/báta árið 2018**

Hvenær	Hvar	Atburður	Aðgerðir/athugasemdir
9. maí	Vestan Bakkafjarðar	Báturinn Digranes NS-124 strandaði í fjörunni undan Skeggjastöðum vestan Bakkafjarðar.	Björgunarsveitir ræstar út og þyrta LHG (en hún afturkölluð). Engar aðgerðir vegna mengunar.
19. maí	Á Skagafirði	Báturinn Sæfari SK 100 fór á hliðina og sökk á Skagafirði.	Báturinn dreginn til hafnar á Sauðárkróki.
11. júní	Við Stykkishólm	Báturinn Grettir/TFZT strandaði rétt við Stykkishólm.	Báturinn losnaði af strandstað og honum siglt til Reykhóla. Enginn leki og ekkert olúsmit.
10. júlí	Héraðsflói	Eldur kviknaði í vélarúmi bátsins Sæborgar NS-40 sem síðan sökk á Héraðsflóa, NA af Bjarnarey.	Engar aðgerðir vegna mengunar.
31. júlí	Breiðafjörður	Báturinn Glaður/2399 SH-46 strandaði við Köngulsey í Breiðafirði.	Báturinn komst á flot á flóði sama dag. Ekki vart við leka eða mengun frá bátnum.
20. ágúst	Paralátursfjörður	Báturinn Sörli/6739 strandaði í Paralátursfirði.	Tókst að koma bátnum aftur á flot og færa til hafnar á Ísafirði.
23. ágúst	Skagafjörður	Báturinn Óskar/7022 strandaði við Reykjadisk í Skagafirði.	Tókst að koma bátnum aftur á flot. Engin mengun.
3. september	Undir Stigahlíð	Báturinn/2304 Steinunn/2304 strandaði austast í Stigahlíð, skammt frá Bolungarvík.	Björgunarskipi tókst að ná bátnum af strandstað og færa til hafnar í Bolungarvík. Ekki sjáanleg olíumengun.
3. nóvember	Við Helguvík	Flutningaskipið Fjordvik strandaði við Helguvík.	Olíu dælt úr tönkum skipsins eins og unnt var og spilliefni um borð fjarlægð. Nokkur brák við skipið, ísogsefni sett út. Björgunaraðgerðir báru árangur og tókst að losa skipið af strandstað og koma því til hafnar í Keflavík.
25. nóv.	Patreksfjörður	Línuskipið TFRP/Núpur strandaði rétt vestan þorpsins á Patreksfirði.	Tókst að losa skipið af strandstað og því siglt til Patreksfjarðar.
9. des.	Hornafjarðarós	Flutningaskipið PHPH/Amber strandaði á sandrifi í innsiglingu Hornafjarðar-hafnar.	Skipið losnaði á háflóði. Engar skemmdir á skipinu.

Aðrir atburðir skráðir hjá Landhelgisgæslu Íslands

Auk þeirra atburða sem getið er um hér að framan voru nokkrir atburðir til viðbótar tilkynntir til Landhelgisgæslu Íslands og fylgdist LHG með aðgerðum. Er þar fyrst og fremst um að ræða strand báta eða atburði þar sem ekki var talin hætta á bráðamengun og Umhverfisstofnun því ekki tilkynnt um atburðinn.

Hvenær	Atburður	Athugasemdir
21. feb.	Tjaldur strandar við Rif.	Engin sýnileg mengun.
17. mars	Skúta strandar.	Engin sýnileg mengun.
15. apríl	Manni ÞH strandar við Rauðanes.	Engin sýnileg mengun.
7. júní	LHG barst tilkynning um olúbrák í Reykjavíkurböfn.	UST barst tilkynning um aðgerðir hafnarinnar þann 12. júní, sbr. töfluna um tilkynningar um bráðamengun.
14. júlí	Tilkynnt um olíuleka frá landi í Hafnarfjarðarhöfn.	
25. okt.	Hannes Þ. Hafstein strandar í Sandgerði.	Engin sýnileg mengun.

Eftirlit Landhelgisgæslu Íslands og CleanSeaNet

Landhelgisgæsla Íslands hefur eftirlit með hafsvæðum Íslands, jafnt úr lofti sem af sjó. Ef vart verður við mengun í eftirliti LHG er tilkynnt um hana til Umhverfisstofnunar. Auk þess sér LHG um móttöku á gervitunglamyndum frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) í samræmi við samning LHG og UST þar að lútandi. Gervitunglamyndirnar fást í gegnum CleanSeaNet þjónustu EMSA og eru notaðar til að greina hugsanlega olíumengun innan íslenskrar mengunarlögsögu. Brugðist er við ef eitthvað bendir til að olíumengunar gæti á viðkomandi hafsvæði. Árið 2018 var eitt tilvik um olíumengun staðfest innan íslenskrar mengunarlögsögu í kjölfar greininga á gervitunglamyndum. Nánari upplýsingar um CleanSeaNet og eftirlit í íslenskri mengunarlögsögu er að finna í skýrslu LHG (Annual Marine Oil Pollution Report 2018) sem er aðgengileg á heimasíðu UST.

Æfingar og þjálfun

Núgildandi aðgerðaáætlun Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu um viðbrögð við bráðamengun utan hafna og notkun skipaafdrepa var undirrituð af forstjórum viðkomandi stofnana 3. september 2015. Aðgerðaáætlunin er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Áætlunin fjallar um hvernig bregðast á við þegar óhöpp verða á sjó er varða skip í efnahagslögsögu Íslands sem þykja ógna siglingaöryggi eða geta valdið umhverfistjóni. Áætlunin er hugsuð sem sameiginlegt stjórnæki Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu og er ætlað að tryggja fumulast verklag og framkvæmd viðbragða vegna bráðamengunar og þegar hætta er talin á bráðamengun. Auk þess er aðgerðaáætluninni ætlað að tryggja rétta framkvæmd við notkun



skipaafdrepa sem útnefnd eru af Samgöngustofu. Skipaafdrepa eru annars vegar innan hafna (neyðarhöfn) og hins vegar skjólgóð svæði sem eru tilgreind utan hafna.

Samkvæmt aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir að tvær æfingar séu haldnar árlega, annars vegar verkleg æfing og hins vegar skrifborðsæfing. Verkleg æfing var haldin á Ísafirði í samstarfi við Ísafjarðarhöfn þann 14. maí 2018 og tóku starfsmenn frá Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og Olíudreifingu þátt í æfingunni ásamt starfsmönnum hafnarinnar og slökkviliðs

Ísafjarðarbæjar. Skrifborðsæfing var ekki haldin árið 2018 þar sem strand skipsins Fjordvik í Helguvík í nóvember 2018 olli mikilli vinnu og álagi á viðbragðsaðila á þeim tíma sem skrifborðsæfing hefði ella verið haldin.

Í gildi er samningur milli Umhverfisstofnunar og Olíudreifingar um aðstoð ODR í viðbrögðum við bráðamengun og notkun og viðhald mengunarvarnabúnaðar UST. Samkvæmt samningnum er meðal annars gert ráð fyrir þjálfun og æfingum útkallshóps ODR (kjarnahóps) a.m.k. einn dag árlega. Mengunarvarnaæfing starfsmanna ODR var ekki haldin árið 2018 en samkvæmt upplýsingum frá ODR fengu starfsmenn talsverða þjálfun í tengslum við strand Fjordvik í Helguvík.

Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt svokallaðri innri viðbragðsáætlun ef bregðast þarf við vegna bráðamengunar. Haldin var skrifborðsæfing þann 24. apríl 2018 til að reyna á virkni þeirrar áætlunar.

Samráðsfundur Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar var haldinn 14. desember 2018.

Umhverfisstofnun stóð fyrir námskeiði um hreinsun stranda vegna bráðamengunar í september 2018, en sérfræðingar frá breska ráðgjafafyrirtækinu Oil Spill Response Limited sáu um kennslu á námskeiðinu. Námskeiðið sóttu starfsmenn Umhverfisstofnunar sem koma að aðgerðum á vettvangi vegna bráðamengunar, en auk þess var heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, Hafnasambandi Íslands og olíufélögum boðið að senda fulltrúa á námskeiðið.

Innlent og erlent samstarf

Mengunarvarnaráð hafna

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal ráðherra að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skipa átta fulltrúa í mengunarvarnaráð hafna til fjögurra ára í senn. Umhverfisstofnun tilnefnir tvo fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Hafnasamband Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa sem skal vera starfandi heilbrigðisfulltrúi, og Samgöngustofa og Vegagerðin einn fulltrúa hvor.

Hlutverk mengunarvarnaráðs hafna er:

- a. að vera formlegur samstarfsvettvangur Umhverfisstofnunar og hafna um málefni sem varða viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun innan hafnarsvæða,
- b. að stuðla að samstarfi og samhæfingu milli hafna um viðbúnað, samræmingu viðbragðsáætlana og viðbragða við bráðamengun,
- c. að gera tillögu til Umhverfisstofnunar um uppbyggingu og endurnýjun á mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og
- d. að koma með ábendingar og tillögur um innihald viðbragðsáætlana.

Skipað var í mengunarvarnaráð hafna í fyrsta sinn árið 2015 og var fyrsti fundur ráðsins haldinn 9. mars 2015. Haldinn var einn fundur í mengunarvarnaráði hafna árið 2018.

Mengunarvarnaráð hafna hefur meðal annars samþykkt starfsreglur ráðsins og leiðbeiningar vegna viðbragðsáætlana hafna. Í samráði við ráðið er unnið að verkefni sem Umhverfisstofnun leiðir sem felst í að meta þörf á uppbyggingu og endurnýjun mengunarvarnabúnaðar í höfnum landsins. Ákveðið var að hefja vinnu við verkefnið árið 2015, en sú vinna fór af stað árið 2016. Árið 2017 var verkfræðistofan Verkís fengin til að vinna að þessu verkefni og skilaði stofan skýrslu í nóvember 2017, *MENGUNARVARNARBÚNAÐUR Í HÖFNUM: Niðurstöður greiningarvinnu - Tillögur að vali á kjarnahöfnum og búnaði*. Í framhaldi ákvað UST í samráði mengunarvarnaráð hafna að fá erlendan aðila til gera sjálfstætt áhættumat vegna mengunar og meta þörf fyrir uppbyggingu búnaðar, viðhalds og æfinga í höfnum landsins og var samið við Oil Spill Response Limited. Sérfræðingur OSRL fundaði með hafnarstjórum og fór í vettvangsskoðun í hafnir á Suðvesturhorninu, Norðurlandi og Austfjörðum og skilaði skýrslu með tillögum um hvað þyrfti að bæta á landsvísu og einnig hvers konar mengunarvarnarbúnað þyrfti í höfnum miðað við áhættu. Skýrslan var kynnt bæði umhverfis- og auðlindaráðherra og mengunarvarnarráði hafna og í framhaldinu var ákveðið að hver höfn skyldi gera sitt áhættumat sem notað yrði til að meta búnaðarþörf.

Kaupmannahafnarsamkomulag

Kaupmannahafnarsamkomulagið er samningur milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð við viðbrögðum við mengunaróhöppum á sjó. Umhverfisstofnun sótti aðalfund og fund í vinnuhópi Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2018. Ísland hefur einnig tekið þátt í starfi norræns samstarfshóps lögfræðinga (Ad Hoc Working Group) sem settur var á fót í tengslum við starf Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2018.

EPPR/MOSPA

Árið 2013 gerðu ríki Norðurskautsráðsins með sér samkomulag um viðbrögð gegn bráðamengun vegna olíu, svonefnt *Agreement on Cooperation on Marine Oil Pollution Preparedness and Response in the Arctic* (MOSPA). Framkvæmd samkomulagsins er tengt vinnuhópi á vegum Norðurskautsráðsins sem nefnist EPPR (Emergency Prevention, Preparedness and Response) og vinnur að stefnumörkun er snýr að viðbrögðum við umhverfisslysum.

Ísland sótti fundi EPPR vinnuhópsins og sérfræðihópa árið 2018, en árlega eru haldnir tveir fundir. Einnig tóku fulltrúar Íslands þátt í í skrifborðsæfingu á vegum MOSPA á árinu 2018.